

## Endanlegir skilmálar

### KB 1M

Útgáfa EUR 8.600.000,00 KB1M 08 0522

#### A-HLUTI – SAMNINGSSKILMÁLAR

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 2. maí 2008, skv. XIII. og XV. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir víxlana sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu og endanlegum skilmálum. Grunnlýsingu útgefanda má nálgast á starfsstöð útgefanda og á heimasíðu hans, sem er:

<http://www.kaupthing.is/?PageID=4205>

1. Útgefandi: KB 1M, kt. 430408-9840, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.
2. Ábyrgð útgefanda: Útgefandi ábyrgist greiðslu víxlanna, sbr. greiðsluloforð þess efnis sem fram kemur í víxlunum. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ber ekki ábyrgð á greiðslu víxlanna og gengst ekki í ábyrgð fyrir innheimtu kostnaðar eða nokkurra greiðslna sem tengjast víxlunum, hvorki í heild né hluta. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er hvorki útgefandi né ábyrgðarmaður víxlanna. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ábyrgist að eignir KB 1M verða varðveittar í samræmi við reglur sjóðsins og að þær verði nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur gefið út og til greiðslu á rekstrarkostnaði sjóðsins.
4. (i) Auðkenni KB1M 08 0522  
(ii) ISIN-númer: IS0000017739
5. Tilgreind mynt eða myntir: EUR
6. Samanlagt nafnverð: EUR 8.600.000,00  
Þegar útgefið og selt: EUR 8.600.000,00 að nafnvirði  
Hámarksfjárhæð flokks: EUR 15.000.000 að nafnvirði
7. Ávöxtunarkrafa á söludegi: 11,5%
8. Dagaregla: Actual/360
9. Nafnverðseiningar: EUR 100.000
10. Útgáfudagur: 22.4.2008
11. Gjaldldagi: 22.5.2008

12. Dagur sem vixlarnir verða teknir til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.: 05.05.2008
13. Fjöldi bréfa og númeraröð: 86, frá 01 til 86
14. Söluaðili: Kaupþing banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

### UMSÓKN UM TÖKU TIL VIÐSKIPTA

Endanlegir skilmálar þessir fela í sér endanlega skilmála sem krafist er til að taka vixla-útgáfu, sem hér er lýst, til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og heimilt er að stunda viðskipti með í OMX Nordic Exchange Iceland hf. samkvæmt útboðsáætlun KB 1M um vixlaútgáfu að fjárhæð allt að EUR 75.000.000 að nafnvirði.

### B-HLUTI - AÐRAR UPPLÝSINGAR

1. HAGSMUNIR EINSTAKLINGAR OG LÖGAÐILA SEM KOMA AÐ ÚTGÁFU ÞESSARI.

Enginn einstaklingur eða lögaðili sem kemur að útgáfu vixlanna hefur beina efnislega hagsmuni af útgáfunni.

2. ÁSTÆÐUR ÚTGÁFUNNAR OG HEILDARGJÖLD

(i) Ástæður útgáfunar: Almenn fjármögnun

(ii) Áætlaður heildarkostnaður við töku vixlaflokks til viðskipta: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., fyrir hönd KB 1M, greiðir allan kostnað við fyrirhugaða töku vixlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Heildarkostnaður við töku vixlaflokksins til viðskipta er samtals 550.000 kr. Þar af eru 450.000 kr. greiddar til OMX Nordic Exchange hf. en annar kostnaður er 100.000 kr. Umsjónaraðili fær ekki greidda þóknun vegna þjónustu sinnar við fyrirhugaða töku vixlaflokksins til viðskipta. Útgefandi ber því ekki kostnað við töku vixlaflokksins til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

### ÁBYRGÐ

Útgefandinn ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda:

Af: \_\_\_\_\_

sem hefur til þess fullt umboð